

Ofdramb og mikillæti í *Gylfaginningu*

Gymir hét maðr en kona hans Aurboða. Hon var berggrisa ættar. Dóttir þeira er Gerðr er allra kvenna er fegrst. Þat var einn dag er Freyr hafði gengit í Hliðskjálf ok sá of heima alla, en er hann leit í norðrætt þá sá hann á einum bæ mikit hús ok fagrt, ok til þess húss gekk kona, ok er hon tók upp hǫndum og lauk hurð fyrir sér þá lýsti af hǫndum hennar bæði í lopt ok á lög, ok allir heimar birtusk af henni. Ok svá hefndi honum þat mikla *mikillæti* er hann hafði sezkt í þat helga sæti at hann gekk í braut fullr af harmi. Ok er hann kom heim, mælti hann ekki, hvárki svaf hann né drakk.¹

Svo hljóðar frásögn *Gylfaginningar* á því þegar guðinn Freyr sér Gerði í fyrsta sinn og verður hugfanginn af henni. Hann fær Skírni, skósvain sinn, til að fara og biðja hennar og gefur honum að launum sverð sitt sem var „svá gott sverð að sjálft vask“. För Skírnis heppnast og Gerður tekur bónorðinu, en Freyr er sagður munu sakna sverðsins þegar Múspellssynir fara og herja (Gg. 37). Í ragnarökum fellur Freyr fyrir hendi Surts og verður það „hans

¹ *Gylfaginning* 37, leturbreytingar mínar. Þegar vitnað verður til *Snorra-Eddu* í þessari grein verður stuðst við útgáfu Anthony Faulkes á formála (F), *Gylfaginningu* (Gg.) og *Skáldskaparmálum* (Sksem.) Konungsbókar og vitnað til kaflanúmera innan sviga í meginmáli. Snorri Sturluson, *Edda: Prologue and Gylfaginning*, útg. Anthony Faulkes, London: Viking Society for Northern Research, 2005 og Snorri Sturluson, *Edda: Skáldskaparmál*, útg. Anthony Faulkes, London: Viking Society for Northern Research, 1998. Þegar vitnað er til eddukvæða er stuðst við útgáfu Íslenskra fornrita: *Eddukvæði I*, útg. Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2014. Ég vil þakka Védísi Ragnheiðardóttur og Gunnhildi Jónatansdóttur fyrir yfirlestur, ábendingar og umræður um efni greinarinnar. Einnig vil ég þakka ritstjórum og tveimur ónafngreindum ritrýnum fyrir afar gagnlegar ábendingar og leiðréttingar.



bani er hann missir þess hins góða sverðs er hann gaf Skírni“, en Surtur brennir í kjölfarið heim allan (Gg. 51).

Hliðskjálf var hásæti Óðins eða Alföður, en þaðan gat hann séð um heima alla og fylgst með athæfi allra manna (Gg. 9 og 17). Mikillæti eða dramb Freys felst í því að hann sest í sæti guðs sem er honum æðri og afleiðingar þess verða að hann fellur í ragnarökum. Dramb er ein af höfuðsyndunum og var á miðöldum oft talið vera rót annarra synda. Þótt Freyr sé eini guðinn sem þetta orð er notað um, þá er hann ekki sá eini sem gerir sig sekan um dramb eða aðrar syndir í *Gylfaginningu* og hefnist fyrir það. Hugmyndir um að guðirnir þurfi, líkt og aðrar dauðlegar verur, að lúta forlögum sínum koma víða fyrir en í *Gylfaginningu* virðast gjörðir guðanna og val á milli ólíkra kosta hafa áhrif á hver örlög þeirra verða.

Gylfaginning er líkt og aðrir hlutar Snorra-Eddu² talin vera frá fyrri hluta 13. aldar og þótt umfjöllunarefni hennar séu heiðin goð og heimsmynd þeirra er hún undir áhrifum þess mennta- og menningarumhverfis sem hún var samin í. Kristin hugmyndafræði var allsráðandi á þeim tímum, þar á meðal hugmyndin um dómsdag og vitundin um hinn yfirvofandi dóm litaði líf manna og upplifun af heiminum. Sá dagur var alltaf nálægur, því eftir dauðann gat fólk fátt gert til að bæta sig eða gera yfirbót fyrir lífernir sitt.

Hér verður skoðað hvernig syndir guða og annarra goðvera birtast í *Gylfaginningu* og hvaða afleiðingar þær hafa á afdrif þeirra í ragnarökum. Fyrst verður sagt frá *Gylfaginningu* og ragnarökum, þá skal fjallað um dæmisögur og endurtúlkningar á goðsögum og loks talað um syndirnar og hvernig þær koma fram í verkinu.

Gylfaginning og ragnarök

Þrátt fyrir að *Gylfaginning* og *Skáldskaparmál* séu bæði í *Snorra-Eddu* og segi frá guðunum og heimi þeirra, er munur á framsetningu og tilgangi goðsagna-anna á milli verka. Á meðan umfjöllunarefni og skipan efnis í *Gylfaginningu* eru hin sömu í öllum handritum³ er uppbygging *Skáldskaparmála* ekki jafn

² *Snorra-Edda* er eignuð og kennd við höfðingjann og rithöfundinn Snorra Sturluson og samanstendur auk *Gylfaginningar* af formála, *Skáldskaparmálum* og *Háttatali*. *Snorra-Edda* er varðveitt í þremur handritum frá fyrri hluta 14. aldar og eru þau Uppsalabók, Konungsbók og Ormsbók. Trektarbók er stundum talin með, en hún er talin vera 16. aldar uppskrift af eldra handriti. Í *Snorra-Eddu* er fjallað um norræna guði og goðverur og hefur hún haft mikil áhrif og verið notuð sem heimild um átrúnað Íslendinga og annarra norrænna (og jafnvel germanskra) þjóða fyrir kristni.

³ Texti Uppsalabókar er ívið styttri en hinna handritanna, en að frátaldrí sögunni

fastmótuð og uppröðun efnisatriða og lengd þeirra breytileg á milli handrita. Goðsögurnar í *Skáldskaparmálum* segja flestar frá samskiptum guða og jötna og eru notaðar til að útskýra tilurð kenninga og heita í skáldamáli og vitnað er til dróttkvæða eftir nafngreinda höfunda til að sýna hvernig slík stílbrögð hafa verið notuð.

Hægt er að skipta innihaldi *Gylfaginningar* í fimm hluta sem skarast lítið. Ramminn utan um verkið er för Gylfa konungs Svíþjóðar til Ásgarðs, þar sem æsir taka á móti honum með sjónhverfingum, og samtal hans þar við þá þrjá höfðingja sem sitja í hásætum í Valhöll, Háan, Jafnháan og Þriðja. Spurningar Gylfa og svör þrenningarinnar leiða frásögn verksins áfram. Fyrst ræða þeir um sköpun heimsins og heimsmyndina, þá eru guðir og gyðjur kynnt, því næst eru stuttir frásagnarkafar um guði og gjörðir þeirra og að lokum er sagt frá ragnarökum og endurnýjun heimsins. Vitnað er til eddukvæða til að styðja það sem sagt er, einkum *Völuspár*, *Vafþrúðnismála* og *Grímnismála*.

Í *Gylfaginningu* marka ragnarök ekki einungis endalok heimsmyndarinnar eða sköpunarverksins heldur munu guðirnir einnig lúta í lægra haldi og nokkrir þeirra deyja. Í lok verksins er ragnarökum lýst svo að eftir þrjá vetur af stórfelldum ófriði um allan heim taki við fimbulvetur, en þá fara þrír vetur saman án þess að sumar komi á milli. Úlfar gleypa þá sól og mána, jarðskjálftar verða til þess að bönd öll og fjötrar slitna, óvættir losna og leggja af stað til að berjast gegn guðunum. Í þeim bardaga gleypir Fenrisúlfrur Óðin en Víðar hefnir föður síns og drepur úlfinn, Þór og Miðgarðsormur eigast við og verða hvor öðrum að bana, hin sömu úrslit verða í viðureign Týs við hundinn Garm og eins í atgangi Heimdalls og Loka. Freyr fellur fyrir Surti, sem brennir svo heim allan (*Gg.* 51). Jörðin rís svo á ný úr sænum, græn og fögur, ný kynslóð guða tekur við og dóttir sólar sinnir hlutverki hennar. Auk þess sem tvær manneskjur lifa af og afkomendur þeirra munu byggja jörðina (*Gg.* 53).

Áður en sagt er frá ragnarökum minnst Hár, Jafnhár og Þriðji reglulega á að þessi heimur taki brátt enda og að einn dag hrynji sköpunarverk guðanna og þeir farist. Lesendur eða áheyrendur verksins eru því frá upphafi meðvitaðir um að sú heimsmynd sem sagt er frá sé ekki eilíf heldur muni hún líða undir lok og allt sem skapað er verði eyðileggingu að bráð.

um það hvernig Gefjun rændi landsvæði frá Gylfa konungi vantar enga þætti úr *Gylfaginningu*. Fyrir samanburð á lengd texta Uppsalabókar og Konungsbókar, sjá Heimir Pálsson, *Uppsala-Edda: Handritið DG 11 4to*, Reykhol: Bókaútgáfan Opna, bls. 51–83.

Fyrsta vísunin til ragnaraka kemur fram áður en sagt er frá sköpun heimsins, en þá er Surtur, varðmaður Múspellsheims, kynntur til sögunnar. Hann heldur á logandi sverði „ok í enda veraldar mun hann fara ok herja ok sigra öll goðin ok brenna allan heim með eldi“ (Gg. 4). Þegar sagt er frá regnbogabrúnni Bifröst kemur fram að hún brotni þegar Múspellssynir ríða yfir hana (Gg. 13), úlfarnir sem elta sól og mána yfir himinhvolfið ná þeim að lokum (Gg. 12) og Iðunn og æskuepli hennar halda guðunum ungum allt til ragnaraka (Gg. 26). Fenrisúlfr (Gg. 34) og Loki (Gg. 50) munu bíða ragnaraka í fjötrum og Freyr á eftir að sakna sverðs síns þegar Múspellssynir herja (Gg. 37).

Ragnarök koma hvorki víða fyrir í íslenskum miðaldabókmenntum né eru merki um þau í erlendum textum. *Gylfaginning* og *Völuspá* eru einu verkin sem segja frá ragnarökum sem heildstæðri atburðarás en umfjöllun um staka atburði ragnaraka er að finna í *Skáldskaparmálum* og nokkrum kvæðum undir edduháttum.⁴ Í *Gylfaginningu* er vitnað til erinda úr *Völuspá* um atburði ragnaraka en til *Vafþrúðnismála* um það sem tekur við í hinum nýja heimi.

Þær goðsögur sem verða einkum skoðaðar hér eru frásagnarkaflar *Gylfaginningar*. Efniviður þeirra tengist ragnarökum að miklu leyti, en sagt er frá gjörðum guðanna sem leiða til þess að þeir verða illa búnir undir loka-bardagann auk þess sem andstæðingar þeirra eru kynntir til sögunnar. Hér hefur þessum frásagnarköflum verið skipt niður í átta hluta.⁵

1. Úlfurinn bundinn (Gg. 33).
2. Freyr sest í háseti Óðins og fórnar sverði sínu fyrir Gerði (Gg. 37).
3. Guðirnir svíkja borgarsmiðinn en fá borgarmúr og Sleipni (Gg. 42).⁶
4. För Þórs til Útgarda-Loka (Gg. 44-47).
5. Þór reynir að veiða og drepa Miðgarðsorm (Gg. 48).
6. Dauði Baldurs og útför (Gg. 49).

⁴ Kvæðin eru eddukvæðin *Vafþrúðnismál*, *Grímnismál*, *Lokasenna*, *Baldurs draumar*, *Hyndluljóð* og *Fáfnismál* og erfkvæðin *Eiríksmál* og *Hákonarmál*.

⁵ Ekki er ljóst hvort röð þeirra innan *Gylfaginningar* á að vera tímaröð en hlutar fjögur og fimm eru tengdir innbyrðis, sem og sex, sjö og átta.

⁶ Þetta er eini frásagnarkafliinn sem ekki verður fjallað um sérstaklega hér á eftir. Guðirnir rjúfa grið vegna þess að borgarsmiðurinn hafði villt á sér heimildir, en hljóta að launum Sleipni og borgarmúrinn (Gg. 42). Þessar gjörðir guðanna virðast ekki hafa áhrif á aðra en Loka og engar sjáanlegar afleiðingar eru fyrir þá af þessum sökum í ragnarökum, nema þá helst að borgarmúrinn er ekki fullgerður.

7. För Hermóðs til Heljar (Gg. 49).

8. Loki fangaður og fjötraður (Gg. 50).

Sams konar frásagnarkafli má finna í *Skáldskaparmálum* og segir hver þeirra sjálfstæða sögu. Þeir eiga sér enga skýra fyrirmynd í sambærilegum erlend-um verkum⁷ en stungið hefur verið upp á því að þeir hafi verið mótaðir eftir *exempla*, stuttum frásögnum sem notaðar voru í lærðum ritum, svo sem helgisögum, predikunum og ágripsritum um heimssöguna.⁸

Exempla eru sögur sem innihalda siðaboðskap og voru vinsælar á miðöldum, sér í lagi á siðmiðöldum. Efniviður þeirra kom úr mörgum áttum, jafnt úr Biblíunni og öðrum kristnum sögum sem og úr bókmenntum, sagnfræði, þjóðsögum og frásögnum af samtímaviðburðum. Eina krafan var sú að í sögunni fælist siðaboðskapur. Þessi bókmenntagrein varð vinsæl með *Samræðum Gregors mikla*,⁹ sem voru þýddar á norrænu um 1150 og höfðu áhrif á það hvernig slíkar sögur voru notaðar í ritum á þjóðtungum, svo sem *Konungs skuggsjá*. Í norrænum textum voru nokkur orð notuð til að vísa til *exempla*: ævintýri, atburður, dæmi(saga), frásögn, (frá)saga og ævisaga.¹⁰

Fjögur af þessum orðum eru notuð í *Gylfaginningu*, „atburður“ kemur fimm sinnum fyrir, „dæmi“ fjórum sinnum, „frásögn“ þrisvar og „saga“ þrisvar.¹¹ Þessi orðanotkun er athyglisverð, sér í lagi þegar orðin *dæmi* og

⁷ Ursula Dronke, „Classical Influence on Early Norse Literature“, *Classical Influences on European Culture A.D. 500-1500*, ritstj. R.R. Bolgar, Cambridge: Cambridge University Press, 1971, bls. 143–149, hér bls. 148–149.

⁸ Margaret Clunies Ross, „The Mythological Fictions of *Snorra Edda*“, *Snorrastefna*, ritstj. Úlfar Bragason, Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1992, bls. 204–216, hér bls. 213. Hún þakkar Anthony Faulkes og Lars Lönnroth fyrir að hafa bent henni á hvernig *exempla* gætu hafa haft áhrif á form þessara frásagnakafli (sami, nmgr. 33). Hún vinnur ekki frekar úr þeirri hugmynd í greininni.

⁹ John Keller, „Exemplum“, *Dictionary of the Middle Ages*, 4. bindi, ritstj. Joseph Strayer, New York: Charles Scribner's Sons, 1984, bls. 551, hér bls. 551.

¹⁰ Peter A. Jorgensen, „Exempla“, *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*, ritstj. Philipp Pulsiano og Kirsten Wolf, New York: Garland Publishing Inc., 1993, bls. 173–174, hér bls. 173. Fyrir nánari umfjöllun um *exempla* í norrænum miðaldabókmenntum sjá: Odd Einar Haugen, „Plus exempla quam verba movent: Om definisjonen av det norrøne eksemplet“, *Ord om ordkunst. Til Ashjörn Aarseth på 60-årsdagen*, ritstj. Atle Kittang og Idar Stegane, Bergen: Universitet i Bergen, Nordisk institutt, 1995, bls. 40–51 og Marlene Ciklamini, „Exempla in an Old Norse Historiographic Mold“, *Neophilologus* 81, 1997, bls. 71–87.

¹¹ Í lokakafli *Gylfaginningar* er „frásögn“ notað um allt það sem Hár, Jafnhár og Þriðji sögðu Gylfa um guðina (Gg. 54). „Dæmi“ og „atburður“ eru notuð um mátt Þórs og söguna af ferð hans til Útgarða-Loka (Gg. 44) sem og um mátt Óðins (Gg. 41), nöfn

atburður eru notuð, en vegna þess að öll þessi orð geta einnig haft almennari merkingu er erfitt að segja með vissu til um hvort einhver þeirra eru hér meðvitað notuð sem samheiti yfir *exempla*. Í *Gylfaginningu* má hins vegar finna töluverðan siðaboðskap og þau efnistösk benda til þess að um slíkar dæmisögur sé að ræða. Auk þess eru slíkar sögur oft settar fram sem skemmtiefni til að gera áheyrendur velviljaða og móttækilega fyrir skilaboðunum sem felast í þeim.¹²

En hvernig er hægt að líta á frásagnarkafla *Gylfaginningar* og tengsl þeirra við ragnarök sem dæmisögur? Til að hægt sé að svara þeirri spurningu verður að líta til þess hvernig sögur af heiðnum guðum voru notaðar á miðöldum til að koma kristnum siðaboðskap á framfæri.

Lærðar túlkanir á goðsögum

Á miðöldum voru ráðandi hugmyndir um að hægt væri að túlka hvern texta á fleiri en einn veg. Þessar hugmyndir koma þegar fyrir hjá Ágústínusi, sem gerir ráð fyrir því í *De Doctrina Christiana* að hægt sé að lesa hvern texta á fjórum ólíkum merkingarstigum. Eitt þeirra væri að lesa texta bókstaflega en hin þrjú stigin byggðust á því að litið væri á texta sem táknögur. Á miðöldum var það talið jarðbundinn skilningur að túlka texta einungis eftir bókstaflegri merkingu þeirra en andlegur skilningur að lesa texta sem táknögur.¹³

Enduróm af þessum hugmyndum má sjá í formála *Snorra-Eddu* þar sem sagt er að þeir sem hafi gleymt hinum sanna guði hafi jarðlegan skilning á heiminum en ekki verið gefin andleg spekt (F. 1–2). Svipaða hugmynd er að finna í *Skáldskaparmálum* þegar ung skáld eru ávörpuð og vöruð við að trúa á heiðna guði og goðsögur en hvött til þess að líta á verkið sér til fróðleiks og skemmtunar og til þess að læra að „skilja þat er hulit er kveðit“ (*Skism.* 8).

Sögnin að kveða getur merkt hvort heldur sem er að semja kvæði eða að tala, svo það sem er hulið gæti verið skáldskaparmál eða goðsögur. Þessi setning hefur oft verið álitin lykill að því að skilja goðsögurnar, að undir

hans og þær sögur sem að baki þeim liggja (*Gg.* 20). Sagan sem segir frá uppruna Sleipnis hefst á þessum orðum: „Eigi kanntu deili á Sleipni ok eigi veiztu atburði af hverju hann kom! – en þat mun þér þykkja frásagnarvert“ (*Gg.* 42).

¹² Odd Einar Haugen, „Plus exempla quam verba movent“, bls. 48.

¹³ Jane Chance, *Medieval Mythography. From Roman North Africa to the School of Chartres, A.D. 433–1177*, Florida: University Press of Florida, 1994, bls. 29–32. Fyrir greinargott yfirlit um þessi efni sjá Árna Sigurjónsson, *Bókmenntakenningar fyrri alda*, Reykjavík: Heimskringla, 1991, bls. 115–186.

yfirborðinu séu mikilvægari skilaboð hulin og þau séu ætluð kristnum áheyrendum sem ólíklegt er að trúin á heiðna guði. Sú staðhæfing að *Skáldskaparmál* séu bæði til menntunar og gamans minnir á hvernig heiðnum dæmisögum eftir sígilda höfunda var lýst, auk þess sem talið var að siðferðilegt gildi og sannleikur gætu verið falin í þeim.¹⁴

Vestræn menning á miðöldum byggði að miklu leyti á Biblíunni og klassískum grísk-rómverskum goðsögum og voru slíkar sögur á meðal námsefnis í skólum í Evrópu.¹⁵ Á þeim tíma var kristni allsráðandi og heiðin goðafræði hafði misst trúarlegt gildi sitt og engin hætta var talin á því að goðsögur yrðu til þess að kristið fólk gengi af trúnni. Eftir endurreisn 12. aldar var nýplatonismi notaður til að túlka klassískar goðsögur svo að í þeim mætti finna falinn kristinn boðskap, bæði siðferðilegan og heimsmyndarfræðilegan.¹⁶

Slíka leit að hulinni merkingu í goðsögum má rekja aftur til forngrískra heimspekinga sem þróuðu aðferðir til að túlka verk Hómers og Hesíodosar sem táknsögur eftir að þau höfðu verið gagnrýnd fyrir að sýna guðina í slæmu ljósi. Á fjórðu öld fyrir Krist kom fram svokallaður euhemerismi, túlkunaraðferð sem gerir ráð fyrir því að heiðnir guðir hafi verið mikilhæfir menn sem teknir hafi verið í guðatölu af þjóðum sem ekki vissu betur. Hugmyndir um hvernig líta mætti á goðsögur sem táknsögur eða euhemerisma bárust til miðalda með verkum Ciceros og kirkjuféðranna Ágústínusar, Gregoríusar

¹⁴ Margaret Clunies Ross, „The Mythological Fictions of *Snorra Edda*“, bls. 207–208. Fleiri fræðimenn hafa velt þessu upp, t.d. Jonas Wellendorf, „Middelalderlige perspektiver på norrøn mytologi – allegorier og typologier“, *Edda* 111/2011, bls. 289–312. Frásögn *Gylfaginningar* um veiðiferð Þórs er sú goðsaga sem oftast hefur verið túlkuð í kristnu samhengi og verið tengd við *Níðurtigningsögu*. Vegna þeirra tenginga og fleiri hefur verið stungið upp á því að goðsögurnar í *Snorra-Eddu* séu kristnar helgisögur sem settar séu fram innan heiðins ramma og því æfing í að skilja það sem hulið er kveðið. Henrik Janson, „*Edda* and ‘Oral Christianity’“. *Apocryphal Leaves of the Early Medieval Storyworld of the North*, *The Performance of Pagan and Christian Storyworlds. Non-Canonical Chapters of the History of Nordic Medieval Literature*, ritstj. L. B. Mortensen og T. M. S. Lehtonen, Turnhout: Brepols, 2013, bls. 171–197, hér bls. 186–190.

¹⁵ Gregory Heyworth, „Classics and Mythography“, *Handbook of Medieval Studies: Terms, Methods, Trends*, ritstj. Albrecht Classen, Berlín og New York: DeGruyter, 2010, bls. 253–266, hér bls. 258.

¹⁶ Jane Chance, *Medieval Mythography*, bls. 55–61. Nýplatonismi er heimspekistefna sem varð til á 3. öld og hafði mikil áhrif öldum saman. Uppruni hennar er tengdur heimspekingnum Plótínusi, sem aðhylltist kenningar Platóns en hafði aðrar áherslur. Nýplatonismi hafði mikil áhrif á kristna guðfræði í gegnum Ágústínus. John Marenbon, *Medieval Philosophy. An Historical and Philosophical Introduction*. London og New York: Routledge, 2007, bls. 16–19.

og Ísidórs, sem notuðu þessar sígildu aðferðir til að túlka goðsögur sem kristin skilaboð.¹⁷

Snorra-Edda er til vitnis um að sá sem hefur sett hana saman hefur búið yfir miklum lærdómi og þekkingu.¹⁸ Formálinn hefst á sköpunarsögu *Biblíunnar* og Nóaflóðinu og því hvernig mannkynið gleymdi guði (F. 1-2). Æsir eru svo kynntir til leiks, en þeir fara frá Tróju til Norðurlandanna þar sem þeir setjast að og hvert sem þeir fóru þóttu þeir líkari goðum en mönnum (F. 10). Í *Gylfaginningu* gera æsir sjálfa sig að guðum. Skiptar skoðanir hafa verið um hversu mikil tengsl eru á milli Formálans og *Gylfaginningar* og liggja þar að baki ólíkar hugmyndir um hvernig hið heiðna trúkerfi hafi verið endurgert kerfisbundið á grunni náttúru og euhemerisma. Í *Gylfaginningu* er meiri samlögun norrænnar goðafræði við kristna heimsmynd en í Formálanum.¹⁹

Euhemerismi hefur lengi verið tengdur við *Snorra-Eddu* enda er hann innbyggður í verkið. Í formálanum er sagt frá því hvernig æsir frá Tróju fara til norðurslóða og þykjast vera guðir þar. Í *Gylfaginningu* taka þeir á móti Gylfa með sjónhverfingum og segja honum sögur um mátt sinn og megin, en að hluta til eru þær frásagnir ættaðar frá Tróju því Ökuþór er líkt við Hektor og Loka við Ódyseif (54). Í *Skáldskaparmálum* eru áheyrendur varaðir við þessum tengslum og þeim bent á að ragnarök séu útgáfa ása af Trójustríðinu (1). Svipaðar hugmyndir um mennskan uppruna hinna norrænu guða má til að mynda sjá í *Ynglingasögu* og *Danasögu* Saxa málsþaka.

Hugmyndir hafa komið fram um að euhemerisma sé ekki að finna í *Snorra-Eddu* en í stað þess hafi þar verið sett fram samsvörun milli heiðni og kristinnar trúar sem hafi haft göfgandi áhrif á hina norrænu hefð. Hliðstæðurnar mega þó ekki vera fullkomnar heldur þarf einhver munur að vera á milli þeirra. Óðinn er til dæmis kallaður Alföður og sagður hafa skapað himin og jörð líkt og hinn kristni guð, en ólíkt honum dvaldi Óðinn meðal hrímþursa áður en hann hófst handa við sköpun heimsins (*Gg.* 3).²⁰

¹⁷ Jane Chance, *Medieval Mythography*, bls. 21–32.

¹⁸ Síðari tveir hlutar *Snorra-Eddu* fjalla um skáldskaparfræði. Í kvæðinu *Háttatali* eru ólíkir bragarhættir sýndir en í *Skáldskaparmálum* eru kenningar og heiti í skáldskap útskýrð og sögur sagðar sem tengjast þeim. Í fyrri hlutunum tveimur, formálanum og *Gylfaginningu*, er komið inn á heimspæki og guðfræði og reynt að útskýra hina heiðnu trú og setja hana í samhengi við evrópska menningu og kristni.

¹⁹ Gunnar Hardarson, „The Argument from Design in The Prologue to the *Prose Edda*, *Viking and Medieval Scandinavia* 12, 2016: bls. 61–85, hér bls. 78.

²⁰ Heinrich Beck, „Die Snorra-Edda in heutiger Sicht“, *Arbeiten zur Skandinavistik*. 10. Arbeitstagung der deutschsprachigen Skandinavistik 22.–27.9.1991 am Weißenhäuser Strand, ritstj. Bernard Glienke og Edith Marold. Frankfurt: Peter Lang, bls. 31–42

Þegar *Gylfaginning* var sett saman á 13. öld voru tvær aldir liðnar frá því að kristni var formlega tekin upp á Íslandi og því nær óhugsandi að almenn- ingur gæti glatað sinni kristnu trú og tekið aftur upp átrúnað á heiðin goð. Án trúartengingar voru goðsögur ekki hættulegar og mögulegt var að líta á þær sem menningararfleifð.²¹ Engar samtímaheimildir eru til um hvaða bækur voru notaðar til kennslu á Íslandi á þessum tíma. Í skráum um bóka- eign klaustra frá næstu öldum á eftir má þó finna flest þeirra verka sem voru mikilvæg þegar kom að því að endurtúlka goðsögur sem bendir til þess að þau hafi verið hluti af námsefni í íslenskum menntastofnunum.²² Þetta tvennt, að heiðnir guðir hafi ekki lengur ógnað kristinni trú og að til hafi verið náms- efni um endurtúlkun á grísk-rómverskum goðsögum, gæti hafa leitt til þess að norrænar goðsögur væru notaðar til að flytja siðferðileg skilaboð.²³

Syndirnar

Á miðöldum voru dauðasyndirnar grundvöllur kristins siðboðskapar og snerust fremur um brot á félagslegum og samfélagslegum gildum en óhlýðni við Guð. Að baki hugmyndum um syndir fólst að hver ætti að elska náunga sinn eins og sjálfan sig. Það var ekki fyrr en á 16. öld sem boðorðin tíu tóku við því hlutverki, en þau eru nákvæmar leiðbeiningar um það hvernig forð-

og „Snorri Sturlusons Mythologie, Euhemerismus oder Analogie?“, *Snorri Sturlu- son. Historiker, Dichter, Politiker*; ritstj. Heinrich Beck, Wilhelm Heizmann og Jan Alexander van Nahl, Berlin: de Gruyter, 2014, bls. 1–21. Beck telur að hvatann að því að setja upp slíkar hliðstæður megi rekja til tilskípunar frá kirkjuráðinu árið 1215 um að ekki sé hægt að sjá líkindi milli þess sem skapar og þess sem skapað er án þess að sjá að meira er ólíkt með þeim en líkt. Sjá einnig Jan Alexander van Nahl, *Snorri Sturlusons Mythologie und die mittelalterliche Theologie*, Berlín: de Gruyter, 2013, en hann er einn fárra sem tekið hafa upp hugmyndir Becks. Sjá einnig Jonas Wellen- dorf, *Gods and Humans in Medieval Scandinavia. Retying the Bonds*, Cambridge: Cam- bridge University Press, 2017, bls. 84–100, fyrir umfjöllun um hliðstæður og um kenningar Becks og van Nahls. Auk þess fjallar Gunnar Harðarson um sams konar hliðstæður í Formálanum, “The Argument from Design”, bls. 79–80.

²¹ Jonas Wellendorf, „Middelalderlige perspektiver på norrøn mytologi – allegorier og typologier“, bls. 300.

²² Sverrir Tómasson, „Veraldleg sagnaritun 1120-1400“, *Íslensk bókmenntasaga I*, ritstj. Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menn- ing, 1992, bls. 265–418, hér bls. 272–275.

²³ John McKinnell hefur stungið upp á því að vegna áhrifa frá klassískri menntun gætu goðakvæði hafa verið notuð til að ræða siðferðileg álitaeefni. John McKinnell, „Why Did Christians Continue to Find Pagan Myths Useful?“, *Reflections on Old Norse Myths*, ritstj. Pernille Hermann, Jens Peter Schjødt og Rasmus Tranum Kristensen, Turnhout: Brepols, 2007, bls. 33–52, hér bls. 49–50.

ast eigi að brjóta gegn boðum og bönnum Guðs.²⁴ Uppruna syndanna má rekja til grískrar og rómverskrar heimspeki en þær voru aðlagðar að kristinni hugsun á fjórðu og fimmtu öld, fyrst af eyðurmerkurmunkinum Evagriusi frá Pontus og síðar af Cassianusi og Gregoríusi mikla.²⁵

Þegar á ármiðöldum voru syndirnar taldar vera grunnflokkar illskunnar og afbrigðilegt form af löngun eða girnd. Ekki var til ein samræmd leið til að skilgreina og túlka synduga hegðun, heldur voru slíkar hugmyndir síbreytilegar og í stöðugri þróun og því má finna talsverðan breytileika í umfjöllun um syndir eftir tímabilum og einstökum verkum.²⁶ Algengar syndir voru: dramb, ágirnd, losti, reiði, matgræðgi, öfund og leti. Syndirnar eru ekki sjálfstætt form af illsku, heldur eru þær tilhneigingar sem leiða af sér illar gjörðir og vinna gegn höfuðdyggðunum fjórum: skynsemi, hugrekki, hófsemi og réttlæti og guðfræðilegu dyggðunum: trú, von og kærleika.²⁷ Syndir eru í sumum tilvikum ýkt útgáfa af dyggðum, stolt getur til að mynda verið gagnlegt og undirstaða margra kosta en getur einnig magnast í hroka.²⁸

Gregoríus mikli fækkaði syndunum úr átta í sjö en skilgreindi dramb sem rót alls ills, þaðan sem aðrar syndir spryttu. Enda var dramb birtingarmynd ýktrar einstaklingshyggju og því hættulegt skipulagi og jafnvægi samfélagsins, auk þess að vera uppreisn gegn guði. Á hámiðöldum var dramb talið vera aðalsyndin.²⁹

Hér verður litið til tveggja rita sem sýna hvaða hugmyndir voru til staðar um syndirnar meðal norrænna manna um það leyti sem *Gylfaginning* var rituð. Ritgerðin *Um kostu og löstu* eftir Alkvín var víðlesin á 9.-14. öld og er

²⁴ John Bossy, „Moral Arithmetic. Seven Sins into the Ten Commandments“, *The Cultural History Reader*, ritstj. Peter McCaffery og Ben Marsden, London og New York: Routledge, 2014, bls. 16–168, hér bls. 161–162. Á 13. öld hófst sú þróun að fylgja ætti boðorðunum tíu fremur en að forðast syndirnar. Margt bendir þó til að evrópskur almenningur hafi ekki verið meðvitaður um boðorðin á miðöldum og margir evrópskir prestar studdust fremur við syndirnar þegar kom að skriftum (sami, bls. 163).

²⁵ Morten J. Bloomfield, *The Seven Deadly Sins. An Introduction to the History of a Religious Concept, with Special Reference to Medieval English Literature*, Michigan: Michigan State University Press, 1967, bls. 72.

²⁶ Richard Newhauser, „Introduction“, *In the Garden of Evil. The Vices and Culture in the Middle Ages*, ritstj. Richard Newhauser, Toronto: Pontifical Institute of Medieval Studies, 2005, bls. vii–xix, hér bls. ix–x.

²⁷ Raymond Angelo Belliotti, *Dante's Deadly Sins. Moral Philosophy in Hell*, Hoboken: Wiley-Blackwell, 2011, bls. 125–126.

²⁸ Raymond Angelo Belliotti, *Dante's Deadly Sins*, bls. 129.

²⁹ Morten J. Bloomfield, *The Seven Deadly Sins*, bls. 69–75.

til í norrænum þýðingum frá því um 1200.³⁰ Í henni eru taldir upp átta höfuðlestir en „[a]f þeim spretta upp sem af rótum allir lestir og illskur saurgaðs hugar og óhreins líkams“: ofmetnaður, matvísi, hórdómur, ágirnd, reiði, leti, ógleði og veggirni, sem og fjórar höfuðdyggðir: vitra, styrkt, hófsemi og réttlæti.³¹ Siðferðið byggist á baráttu samsvarandi kosta og lasta, þar sem höfuðdyggðirnar fjórar og afleiddar dyggðir þurfa að sigrast á löstum.³²

Í *Um kostu og löstu* er dramb eða ofmetnaður sá löstur sem fyrst er talinn upp og sagður vera upphaf allra synda, konungur allrar illsku og valdur að allri óhlýðni, dirfð, þrjósku, þrætum, villum og hælmi, sem og því að englar féllu af himni og urðu að djöflum. Rætur ofmetnaðar liggja annars vegar í því að „hugur manns hefst upp af góðum verkum sínum og hann ætlar sig betra en annan, og er hann því verri en aðrir sem hann ætlar sig betra“ og hins vegar í þrjósku þeirri þegar menn hlýða ekki „hinum eldrum mönnum sínum“.³³

Í *Konungs skuggsjá*, norsku miðaldariti sem sett var fram sem samtal föður og sonar og til þess ætlað að leiðbeina konungum, er öll upphefð sögð vera af Guðs völdum og að þeirra sem hreyki sér hátt af drambi og ágirnd bíði niðurfall og þeir hafi „jafnan Guð móti sér“. Faðirinn bendir syninum einnig á að láta sér „jafnan fyrir augum vera til viðursýnar ófarar þeirra, er háðulega féllu fyrir sakar of mikils drambs.“³⁴ Þessi ráðlegging föðurins á vel við þær frásagnir *Gylfaginningar* sem fjallað verður um hér á eftir, en þær sýna hvernig dramb guðanna kemur þeim í koll og veikir stöðu þeirra í ragna-

³⁰ Ritgerðin er varðveitt í heild sinni í norsku hómilíubókinni frá upphafi 13. aldar og í þremur íslenskum handritum frá 15. öld, en ekkert þeirra er heilt. Kaflar úr verkinu voru teknir upp sem viðaukar við lögbókina Jónsbók. Gunnar Ágúst Harðarson, „Inngangur“, *Þrjár þýðingar lærdar frá miðöldum*, útg. Gunnar Ágúst Harðarson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1989, bls. 7–42, hér bls. 30. Leikmenn úr höfðingjastétt fengu oft litla fræðslu um trúmál og voru rit á borð við *Um kostu og löstu* ætluð til þess að kenna þeim um siðferði og rétta breytni, að vera dyggðugir en berjast gegn löstum (sami, bls. 27).

³¹ „Um kostu og löstu“, *Þrjár þýðingar lærdar frá miðöldum*, útg. Gunnar Ágúst Harðarson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1989, bls. 151–157, beina tilvitnunin er á bls. 151.

³² Umfjöllunin um höfuðlestina er að mestu sótt til verka Gregoríusar og Cassianusar, sem og Ísidórs, en dyggðirnar fjórar eru upprunnar í siðfræði Forngríkkja. Gunnar Ágúst Harðarson „Inngangur“, bls. 29.

³³ „Um kostu og löstu“, bls. 151.

³⁴ *Konungs skuggsjá: Speculum regale*, útg. Magnús Már Lárusson, Reykjavík: H.F. Leiftur, 1955, bls. 131–132. *Konungs skuggsjá* var sett saman um miðja 13. öld og því hefur hún ekki haft bein áhrif á *Gylfaginningu* en sýnir hvaða viðhorf voru til syndanna á norrænu svæði á þeim tíma.

rökum og gætu því hafa átt að vera áheyrendum verksins víti til varnaðar.

Nokkrar þeirra synda sem fjallað er um hér að ofan má finna í *Gylfaginningu*: Mannkynið, eða hluti þess, lætur lífið í aðdraganda ragnaraka í orrustum og þá „drepask brœðr fyrir ágirni sakar ok engi þyrmir fõður eða syni í manndrápum eða sifjaslitu“ (Gg. 51). Þór missir iðulega stjórn á skapi sínu og fyllist reiði, vegna matgræðgi sinnar brýtur Þjálfur legg geithafurs Þórs sem leiðir til þess að hann glatar frelsi sínu (Gg. 44) og Freyr fyllist ógleði þegar hann sér Gerði og verður að fá hennar, jafnvel þótt það muni á endanum kosta hann lífið (Gg. 37). Sú synd sem oftast kemur fyrir í *Gylfaginningu* er þó dramb og gera menn jafnt sem guðir sig seka um að drýgja þá synd og er þeim refsað fyrir það. Guðirnir dæma menn og goðverur til refsinga en sjálfir mæta þeir örlögum sínum í ragnarökum og hafa þá vegna drambs síns eða annarra synda glatað hlutum, líkamspörtum eða samherjum sem hefðu getað hjálpað þeim til að komast lífs af úr þeim hildarleik.

Dramb og aðrar syndir guðanna koma einkum fram í frásagnarköflunum og gætu hafa átt að vera dæmisögur um hegðun sem áheyrendur ættu að forðast. Orðin mikillæti og ofdramb eru notuð til að lýsa óæskilegri hegðun í tveimur sögum í *Gylfaginningu*, annars vegar þegar sagt er frá Mundilfara og börnum hans og hins vegar því hvernig guðinn Freyr fær Gerðar. Þessar frásagnir verða hér á eftir notaðar sem lykklar að því hvernig hægt er að túlka hliðstæðar sögur um guði og menn.

Síðferði mannkyns

Lítið er fjallað um mannkynið og samskipti þess við guðina í *Gylfaginningu*. Æsirirnir skapa Ask og Emblu úr trjám og gefa þeim Miðgarð til búsetu (Gg. 9) og tólf æsir dæma með Alföður örlög manna (Gg. 12). Mannkynið og síðferðileg vandamál þess koma einnig fyrir þegar endalokin nálgast. Veturna þrjá áður en ragnarök hefjast verður barist um allan heim, fólk drepið „fyrir ágirni sakir“ og mun enginn hlífa öðrum, ekki einu sinni sonum sínum eða feðrum (Gg. 51). Í kjölfarið kemur fimbulvetur, sem virðist hafa meiri áhrif á mannkynið en guðina. Ekki er ljóst af frásögninni hvort bardagarnir og síðferðilegt hrun leiði til ragnaraka eða hvort þeir atburðir og fimbulvetur sem kemur í kjölfarið séu refsing sem mannkynið hlýtur fyrir ágirnd sína.³⁵

Tvisvar kemur fram að verustaðir manna eftir dauðann ráðist af síðferði

³⁵ Það mætti einnig hugsa sér að hörmungarnar sem dynja yfir mannkynið gætu stuðlað að fjölgun einherja og Heljarsinna og verið nokkurs konar liðssafnaður fyrir ragnarök því að allir sem falla í bardaga verða einherjar og þeir sem deyja úr elli og sjúkdómum (sem hungur og vösbúð gætu stuðlað að) tilheyra Hel.

þeirra, í kafla 3 segir að Alföður ráði því að dyggðugir menn muni lifa í Gimlé eða Vingólfi með honum en vondir menn fari til Heljar og Niflheljar. Í kafla 52 er ekki sagt hver ræður vistarverunum en góðir og dyggðugir menn munu lifa í sölunum Gimlé, Sindra og Ókólmi en vondir menn, eiðrofar og morðvargar, þurfa annaðhvort að þola eitur á Náströnd eða pyntingar Niðhöggs í Hvergelmi. Vitnað er til erinda úr *Völuspá* þessu til staðfestingar þannig að hugmyndina um að siðferði hafi áhrif á örlög manna er ekki eingöngu að finna í *Gylfaginningu*.³⁶ Ennfremur kemur fram að Gimlé muni standa þegar himinn og jörð hafa farist og „byggja þann stað góðir menn ok réttlátir of allar aldir“ (Gg. 17).

Aðrar hugmyndir koma fram í *Gylfaginningu* um það hvert menn fari eftir dauðann og þá ráðast örlög manna ekki af siðferði þeirra heldur því hvernig dauðdaga þeirra hafi borið að höndum, allir þeir sem falla í bardaga fara til Valhallar (Gg. 20, 38) eða til Fólkvangs (Gg. 24) en þeir sem deyja af elli eða sjúkdómum til Heljar (Gg. 34).³⁷ Dvöl manna í þessum dauðheimum er þó ekki til eilífðarnóns því henni lýkur við upphaf ragnaraka. Þá taka dauðir menn þátt í lokabardaganum, einherjar hervæðast með ásum og berjast með þeim en Heljarsinnar fylgja Loka til vígvallarins (Gg. 51). Verið getur að hér sé reynt að samræma ólíkar hugmyndir um eftirlífið en framsetningin býður upp á þá túlkun að fram til ragnaraka séu dvalarstaðir hinna látnu tímabundnir og ákvarðaðir eftir því hvernig dauða þeirra hafi borið að höndum en eftir ragnarök muni þeir verða dæmdir til eilífðarvistar á stað er hæfir siðferði þeirra.

Tvær sögur sem eingöngu er að finna í *Gylfaginningu* segja frá því hvernig guðirnir refsfa mönnum fyrir ofmetnað og taka í refsingarskygni systkin í

³⁶ Erindin sem vitnað er til eru *VspK* 37-38 og *VspH* 34-35 en þar er ekki víst hvort þeir sem kveljast eru lifandi eða dauðir. Í *VspK* 36 er sagt frá sal Sindra ættar á Niðavöllum og bjórsal Brimis á Ókólmi, en ekki er tekið fram hverjir dvelja þar eða hvort þar er um sælvist að ræða. En þegar ragnarök eru að baki og nýr heimur orðinn til er í *VspK* 64 og *VspH* 56 sagt frá Gimlé, sal sem er sólu fegri, þar sem dyggvar dróttir mun dveljast. Auk þess er í 51. kafla *Gylfaginningar* vitnað til erindis *Völuspár* (K 44 og H 37) um hnignunina sem verður áður en heimurinn steypist, að bræður muni berjast, systrungar sífjum spilla, hórdómur verði mikill, skálmöld, vindöld og vargöld. Bent hefur verið á tengsl þessa erindis við *Litlu opinberunina* í samhljóðaguðspjöllunum. Sjá t.d. E.O.G. Turville-Petre, *Myth and Religion of the North. The Religion of Ancient Scandinavia*, Westport, Connecticut: Greenwood Press, Publishers, 1964, bls. 282.

³⁷ Í Valhöll eru óskasynir Óðins (Gg. 20) og einherjar borða svínakjöt og drekka mjöð (Gg. 38) en Hel er mun drungalegri staður sem einkennist af kulda og hungri (Gg. 34). Ekki er sagt um aðbúnað í Fólkvangi en Freyja á hálfan val á móti Óðni, sem stangast á við það að allir sem hafa dáíð í bardaga frá upphafi vega séu í Valhöll (Gg. 38).

þjónustu sína. Annars vegar er það sagan um það hvernig Þjálfí og Röskva urðu þjónustufólk Þórs og hins vegar hvernig Sól og Máni, börn Mundilfara, eru látin stjórna gangi samnefndra himintungla. Síðarnefnda frásögnin hefur skýr siðferðileg skilaboð:

Sá maðr er nefndr Mundilfœri er átti tvau börn. Þau váru svá fœgr ok fríð at hann kallaði annat Mána en dóttur sína Sól, ok gipti hana þeim manni er Glenr hét. En guðin reiddusk þessu ofdrambi ok tóku þau systkin ok settu upp á himin, létu Sól keyra þá hesta er drógu kerru sólarinnar þeirar er guðin höfðu skapað til að lýsa heimana af þeirri síu er flaug úr Muspellsheimi [...] Máni stýrir gongu tungls ok ræðr nýjum ok niðum (*Gg.* 11).

Afbrot Mundilfara felst í þeirri drambsemi að nefna börn sín eftir sól og mána og jafna á þann hátt saman fegurð þeirra. Refsingin sem hann hlýtur er að vera sviptur börnum sínum og að þau þurfi að þjóna himintunglunum. Verða systkinin við það hluti af nýskapaðri heimsmynd og stýra göngu sólar og tungls og hljóta að þurfa að sinna því hlutverki til enda veraldar. Það að guðirnir reiðist ofdrambi Mundilfara gefur textanum siðferðilega og trúarlega dýpt. Orðið ofdramb er ekki algengt í miðaldertextum og kemur helst fyrir í þýddum helgitextum.³⁸

Þó að hugtakið dramb eða samheiti þess komi ekki fyrir í sögunni um Þjálfí og Röskvu þá má sjá hliðstæður á milli hennar og þess sem sagt var um Mundilfara og börn hans. Þar er því lýst hvernig dramb og guðleg reiði leiðir til þess að systkin eru tekin í þjónustu þeirra sem hegðunin bitnar á. Frásögnin hefst á því að Þór og Loki gista á bóndabæ einum. Þór slátrar höfrum sínum til kvöldverðar og segir heimilisfólki að kasta beinunum á hafurstökurnar. Þjálfí, sonur bóndans, brýtur lærlegg til mergjar sem leiðir til þess að þegar hafrarnir eru endurlífgaðir um morguninn er annar þeirra haltur. Þór reiðist mjög og telur að bóndinn og hjú hans hafi ekki farið skyn-

³⁸ Orðið ofdramb kemur alls 26 sinnum fyrir í textasafni *Ordbog for nordisk prosasprog* (ONP), þar af átta sinnum í handritum sem talin eru eldri en handrit *Snorra-Edda*. Þar af eru sögur Ólafs helga og Sverris konungs frumsamdar á norrænu en hinir textarnir eru flestir þýddir helgitextar og gefur það orðinu og textanum sem það er í lært og kristilegt yfirbragð og merkingu. Tvær gerðir *Ólafs sögu helga* eru taldar eldri en *Snorra-Edda*, þeir fimm þýddu textar sem einnig eru eldri og innihalda orðið *ofdramb* eru *norska bómilíubókin*, *Konungs skuggsjá*, *Barlaams saga ok Jósafats*, *Thómass saga erkibyskups* og *Elís saga ok Rósamundar*. Þeir textar sem taldir eru upp í textasafni ONP og eru taldir yngri en *Snorra-Edda* eru flestir þýddir. Leit að orðinu „ofdramb“ í *Ordbog for norrøn prosasprog*, sótt 8. apríl 2019 af http://onpweb.nfi.sc.ku.dk/wordlist_d_adv_menu.html.

samlega með bein hafursins. Til að sefa reiði Þórs eru honum boðnar batur og hann tekur börnin Þjálfa og Röskvu upp í sættina og gerir að þjónustumönnum sínum og fylgja þau honum síðan (*Gg.* 44).³⁹

Heimilisfólkinu virðast ekki vera lagðar aðrar reglur en þær að safna beinunum saman, en það að Þjálfi skuli brjóta eitt beinanna má túlka sem dæmi um matgræðgi, því honum nægir ekki að borða það sem er utan á beininu, heldur gengur hann lengra og brýtur það til mergjar. Auk þess gerist hann sekur um hroka og vanvirðingu með því að halda að hann geti farið svo með matargjöf guðsins. Hegðun Þjálfala leiðir til þess að Þór þarf að halda áfram ferð sinni án hafranna en tekur Þjálfa og Röskvu með sér. Örlög systkinanna eru því þau sömu og Sólar og Mána, að þurfa að þjóna þeim sem ofmetnaðurinn beindist gegn. Þjálfi og Mundilfari ógna ekki stöðu guðanna en ofmetnast og telja sig jafna þeim. Þótt siðaboðskapurinn í síðari sögunni sé ekki settur fram á jafnskýran hátt og í þeirri fyrri verða hliðstæðurnar á milli þessara frásagna til þess að auka við dýpt þeirrar síðarnefndu.

Mikillæti Freys

Í frásagnarköflum *Gylfaginningar* má finna mörg dæmi um ofdramb guða og goðvera. Ekki kemur fram hvort eitthvert afl sem er guðunum æðra dæmir þá, en gjörðir þeirra hafa oft afleiðingar sem tengjast afdrifum þeirra í ragnarökum og þeim hefnist fyrir að breyta ekki rétt. Því er hægt að túlka þessar frásagnir sem dæmisögur eða *exempla* um ranga hegðun. Hér að framan var frásögnin um ofdramb Mundilfara notuð til að túlka söguna um Þjálfa og lærlegginn. Á sama hátt má nota söguna um það hvernig Frey hefnist fyrir mikillæti sitt til að túlka gjörðir guðanna í öðrum sögum.

Eins og fjallað var um í upphafi greinarinnar upphefur Freyr sjálfan sig með því að setjast í háseti Alföður. Ofmetnaður Freys hefur þær afleiðingar að hann fyllist óyndi og gefur Skírni sverð sitt fyrir að fara í bónorðsferð til Gerðar.⁴⁰ Í ragnarökum verður það Frey að bana að hafa ekki sverðið góða sem sjálft gat vegist (*Gg.* 51).

Í eddukvæðinu *Skírnismálum* segir einnig frá því hvernig Freyr sér Gerði úr Hliðskjálf og sendir Skírni til að biðja hennar og lánar honum til farar-

³⁹ Í *Hymiskviðu* 37 er sagt frá því að hafurinn hafi fótbrotnað en Loki er þar sagður bera ábyrgð á því og ekki er minnst á Þjálfa í því samhengi.

⁴⁰ Freyr sér Gerði sem er allra kvenna fegurst og það lýsir af henni. Eftir það fyllist hann harmi sem veldur því að hann hvorki talar né neytir matar eða drykks og telur sig ekki geta lifað lengi ef hann fær hennar ekki (*Gg.* 37). Þessa þrá Freys eftir Gerði mætti mögulega túlka sem losta eða ástsýki.

innar sverð sitt „er sjálft mun vegask“ (*Skm.* 9). Þótt um sömu grunnfrásögn sé að ræða eru áherslurnar ólíkar. Meginhluti kvæðisins fjallar um för Skírnis og tilraunir hans til að fá Gerði til fundar við Frey með góðu eða illu⁴¹ en þar er hvorki lagður dómur á það að Freyr skuli hafa sest í Hliðskjálf né sagt frá því að hann muni sakna sverðsins síðar. Sverð Freys kemur einnig fyrir í *Lokasennu* en þar er ekki um siðferðilegan dóm að ræða heldur nýr Loki honum því um nasir að hann hafi látið sverð sitt og gull fyrir Gymis dóttur og segir að Freyr muni ekki vita hvernig hann eigi að berjast án þess þegar „Múspells synir ríða Myrkvið yfir“ (*Ls.* 42).

Harmur Freys, þrá hans og að lokum dauði er í *Gylfaginningu* settur fram sem afleiðing og refsing fyrir mikillæti hans og gefið er í skyn að ef hann hefði enn haft sverð sitt í ragnarökum hefði hann getað bjargað lífi sínu. Það vekur spurningar um hverju það gæti hafa breytt ef Freyr hefði lifað, hvort hann hefði drepit Surt og á þá leið komið í veg fyrir að heimurinn yrði eldi að bráð, eða hvort hann hefði verið einn þeirra sem lifðu ragnarök af og tekið þátt í að móta hinn nýja heim.

Lykilorðið í frásögninni er mikillæti, orð sem kemur, líkt og samheiti þess ofdramb, einungis einu sinni fyrir í *Gylfaginningu*. Í ONP er að finna þrettán dæmi um notkun þess í miðaldabókmenntum og í flestum tilfellum kemur orðið fyrir í þýddum textum þar sem það er notað til að lýsa neikvæðri eða syndsamlegri hegðun manna og engla.⁴² Notkun hugtaksins gefur frásögninni siðferðilegt yfirbragð og gefur tilefni til að lesa hana sem dæmisögu um að mikillæti geti leitt til ófara.

Á sama hátt og menn á miðöldum voru dæmdir fyrir gjörðir sínar í lifanda lífi á dómsdegi hlýtur Freyr refsingu í ragnarökum. Í öðrum frásagnarköflum *Gylfaginningar* er orðalagið ekki jafn merkingarþrungið en þeir sýna þó flestir sama mynstrið, guð eða goðvera breytir rangt og þarf að taka afleiðingum gjörða sinna, ef ekki strax, þá í ragnarökum.

Guðirnir refsa Mundilfara og Þjálfa fyrir brot þeirra en óljóst er hver eða hvað hefur dómsvald yfir gjörðum guðanna. Víða í íslenskum miðaldabókmenntum má finna dæmi um forlagatru, að örlög manna séu óbreytanleg

⁴¹ *Skírnismál* hafa oft verið túlkuð sem svo að þau fjalli um frjósemisathöfn þar sem Freyr og sverð hans vígja jörðina Gerði. Sjá Gro Steinsland, *Det hellige bryllup og norrøn kongeideologi: en analyse av hierogami-myten i Skírnismál, Ynglingatal, Háleygjatal og Hyndluljóð*, Ósló: Solum, 1991.

⁴² Leit að orðinu „mikillæti“ í *Ordbog for norrøn prosasprog*, sótt 8. apríl 2019 af http://onpweb.nfi.sc.ku.dk/wordlist_d_adv_menu.html. Á meðal þeirra verka þar sem orðið mikillæti kemur fyrir eru hómilfúr, *Strengleikar*, *Elíss saga ok Rósamundar*, *Karlamagnúss saga*, íslensk ævintýri (exemplum) og *Dínuss saga drambláta*.

og óumflýjanleg og oft hafa örlög guðanna í ragnarökum verið tengd slíkri trú.⁴³

Í *Gylfaginningu* virðast guðirnir þó oft hafa val en dramb þeirra eða reiði verða þeim að falli. Hér á eftir verða frásagnarkaflar *Gylfaginningar* greindir út frá því hvort hægt sé að yfirfæra þann siðferðilega tón sem finna má í sögunni um Frey á efni þeirra.

Dauði Baldurs og fjötrun Fenrisúlfs

Guðirnir reyna tvisvar sinnum að hindra að forspár rætist, annars vegar með því að fjötra úlfinn og hins vegar með því að koma í veg fyrir dauða Baldurs. Gjörðir þeirra leiða hins vegar til þess að spádómarnir rætast. Ofmetnaður kemur mjög við sögu í báðum tilfellum og verður bæði úlfnum og Baldri að falli.

Í fyrsta frásagnarkaflanum (Gg. 33) er sagt frá Fenrisúlfi, syni Loka, sem ólst upp með ásum og virðist hafa álitnið sig vera einn þeirra. Víða er sagt frá hinum fjötraða úlfi sem biður ragnaraka en það er einungis í *Gylfaginningu* sem sagt er frá því hvernig hann var bundinn.⁴⁴

Þegar guðirnir fá forspá um að úlfurinn muni reynast þeim skeinuhættur ákveða þeir að fjötra hann. Æsirirnir segja úlfnum að um leik sé að ræða og að þeir vilji prófa styrk hans. Hugsunum úlfsins er lýst og þær snúast um það að hann vilji sanna sig og öðlast frama en hræðist að vera álitinn huglaus, en þau gildi sjást oft hjá hetjum í bókmenntum miðalda. Fyrstu tveir fjötrarnir, Læðingur og Drómi, voru mikil og sterkleg smíð en úlfurinn braut þá auðveldlega. Þegar Fenrisúlfur sér þriðja og síðasta fjöturinn, Gleipni, sem er eins og silkiræma, grunar hann að brögð séu í tafla. Hann vill þó ekki hverfa frá leiknum og eiga það á hættu að vera talinn kjarklaus, heldur krefst þess að fá hönd Týs sem tryggingu og bítur hana af þegar hann getur ekki slitið fjöturinn.

Stolt úlfsins og ofmetnaður leiðir til þess að hann glatar frelsinu og sverðið sem notað er sem gómsparri sviptir hann getunni til að tala. Guðirnir sýna dramb með því að reyna að koma í veg fyrir það sem spáð var fyrir um, en valda því að forspáin rætist. Það leiðir einnig til þess að í stað þess

⁴³ Fyrir túlkun á ragnarökum sem forlögum guðanna, sjá t.d. Sigurð Nordal, *Fornar menntir I. Íslensk menning*, Kópavogur: Almenna bókafélagið, 1993, bls. 261–269. Hér verður orðið forlög notað um forlagatrú en orðið örlög í mun víðari og almennari merkingu.

⁴⁴ Í formála *Lokasennu* og erindi 38 kemur fram að Týr hafi misst hönd sína þegar úlfurinn var bundinn.

að úlfurinn sé félagi ása sem gætir að heiðri sínum og frama verður hann slefandi, mállaust skrymsli, sem verður óvinur guðanna í ragnarökum og drepur Óðin. Týr glatar einnig hægri hönd sinni fyrir að sverja rangan eið sem hlýtur að há honum þegar hann berst við hundinn Garm í lokabardaganum þar sem þeir drepa hvor annan. Þótt það sé ekki sagt í textanum má ætla að gengi Týs í ragnarökum hefði getað orðið annað ef hann hefði enn haft báðar hendur.

Sagt er frá dauða Baldurs og eftirmálum hans í frásagnarköflum 6, 7 og 8. Eftir að Baldur dreymir að líf hans sé í hættu biður móðir hans, Frigg, allt í heiminum að sverja þess eið að þyrma lífi hans. Þegar Baldur er á þann hátt orðinn ósæranlegur gera guðirnir sér það að leik að henda vopnum og steinum að honum og finnst það mikill frami að hann hlýtur ekki skaða af. Í stað þess að gæta að öryggi hans leika æsirnar sér að því að ógna því.

Loka líkar illa að Baldur skuli ekki saka í leiknum og tekur til sinna ráða til að klekkja á honum. Þegar Loki kemst að því að mistilteinn væri það eina sem ekki hefði svarið eiðinn fær hann Höð hinn blinda til að kasta honum að Baldri. Líkt og úlfurinn heldur Baldur að hann sé að taka þátt í öruggum leik guðanna á helgum stað og auka þar með hröður sinn. En brögð eru í taffi og sakleysislegur viðarteinungurinn verður honum að bana. Hlutirnir sem verða Baldri og úlfinum að falli láta báðir lítið yfir sér og virðast við fyrstu sýn vera hættulausir.

Guðirnir neita að setta sig við dauða Baldurs og reyna að bjarga honum frá Helju. Þeir semja við Hel um að hann fái að snúa aftur ef allir og allt í heiminum gráti hann. Gýgurin Þökk, sem sögð er vera Loki í dulargervi, er sú eina sem ekki grætur og þar með er Baldur fastur í Hel og guðirnir ná ekki að koma honum undan dauðanum. Dauði Baldurs er ennfremur sagður vera mesta óhapp sem orðið hafi meðal guða og manna, en ekki er útskýrt af hverju svo er. Einungis Óðinn á að skilja hversu mikið mein dauði Baldurs er. Einn möguleikinn er sá að Baldur gæti hafa haft hlutverki að gegna í líði guðanna í ragnarökum en eftir dauða sinn muni hann að öllum líkindum berjast gegn guðunum, því í 51. kafla er sagt að allir Heljarsinnar fylgi Loka í bardagann.⁴⁵

Í *Gylfaginningu* er helsta ástæðan fyrir dauða Baldurs dramb guðanna sem halda að þeir geti breytt því sem spáð hefur verið og komið í veg fyrir fall hans og vist í Hel með brögðum. Í stað þess að vernda hann verða þeir til þess að spádómurinn rætist. Baldur er óvirkur þátttakandi í leiknum og

⁴⁵ Við dauða sinn fer Baldur úr einum dauðaheimi í annan, frá Valhöll til Heljar. Í *Skáldskaparmálum* 5 og 13 kemur fram að það má kenna hann og Höð sem Heljarsinna.

ekkert er sagt frá orðum hans eða gjörðum. Sagt er frá dauða Baldurs í fleiri textum⁴⁶ en það er einungis í *Gylfaginningu* sem sagt er frá tilraunum guðanna til að gera Baldur ósæranlegan og sigrast á dauðanum. Þessi atriði eru þar aðalhvati frásagnarinnar og sýna guðina í neikvæðu ljósi.

Annar þáttur sem skiptir máli fyrir frásögnina er öfund Loka. Eins og fram hefur komið er öfund oft talin ein syndanna og hún er samfélaginu hættuleg, því að sá sem öfundar annan vill að honum hlekkist á og það er slæmt fyrir einingu hópsins. Loka hefnist fyrir og er eltur uppi af ásum og fjötraður. Þannig bíður hann ragnaraka, en þegar þau renna upp mun hann leiða hersveit gegn guðunum. Tilraunir guðanna til að halda Baldri á lífi leiða ekki einungis til þess að þeir glata honum heldur verður samherji þeirra að fjandmanni. Frásagnir af því hvernig feðgarnir, Loki og Fenrisúlfr, eru bundnir ramma inn frásagnarkaflana. Báðir töldust þeir með ásum áður en þeir voru fjötraðir en munu nú bíða ragnaraka og ráðast þá gegn guðunum í stað þess að vera bandamenn þeirra.

Reiði Þórs

Þegar Þór er kynntur til sögunnar í *Gylfaginningu* 21 er hann sagður sterkastur ása og manna og að langan tíma tæki að telja upp öll stórvirki hans. Þór lýtur þó í lægra haldi fyrir öðrum í flestum sögum sem sagðar eru af honum í verkinu, nema þegar honum tekst að grípa Loka í laxlíki (*Gg.* 51) og drepa borgarsmiðinn (*Gg.* 42).⁴⁷ Tveir frásagnarkaflanna segja frá Þór, sá fyrri fjallar um för hans til Útgarðaloka og hinn síðari um tilraun hans til að veiða Miðgarðsorm. Í þessum frásögnum kemur lýsingarorðið *reiður* fyrir fjórum sinnum en sögnin *reiðast* einu sinni. Í upphafi fyrri ferðarinnar reiðist Þór Þjálf, líkt og fjallað er um hér að framan, og er útliti hans lýst svo:

Eigi þarf langt frá því at segja, vita megu þat allir hversu hræddr búandinn mundi vera er hann sá at Þórr lét síga brýnnar ofan fyrir augun; en þat er sá augnanna, þá hugðisk hann falla mundu fyrir sjóninni einni samt. Hann herði hendrnar at hamarskaptinu svá at hvítuðu knúarnir [...] (*Gg.* 44).

⁴⁶ T.d. *Baldurs draumar*, *Danasaga Saxa*, *Völuspá Konungsbókar*, *Húsdrápa* og *Hyndluljóð*.

⁴⁷ Í þeim sögum sem segja frá Þór í *Skáldskaparmálum* hefur hann oftast yfirhöndina og er sýndur sem hetja, t.d. þegar hann berst við Hrungni og þegar hann fer til Geir-röðargarða.

Þór reiðist mjög auðveldlega og virðist fá aukna krafta við það. Stundum hjálpar reiðin honum en stundum hefur hún neikvæð áhrif. Í útför Baldurs þarf til að mynda að koma í veg fyrir að Þór drepi gýgina Hyrrokkin af því að hann reiðist því að hún reynist honum sterkari (Gg. 49). Réttlát reiði getur verið styrkur en ef hún verður það mikil að hún ógni umhverfinu er hún orðin syndsamleg, líkt og hóflegt sjálfstraust getur verið kostur en í óhófi getur það orðið að drambi.

Fyrri frásögnin segir frá för Þórs, Loka, Þjálfu og Röskvu til Útgarðaloka þar sem þau etja kappi við blekkingar og sjónhverfingar gestgjafans (Gg. 44-47). Á leiðinni mæta þau Skrými, sem Þór getur ekki drepíð, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess (Gg. 45). Hjá Útgarðaloka eru Þór og förunautar hans mjög smávaxnir og kraftlitlir í samanburði við aðra sem þar eru eins og Útgarðaloki gefur reyndar til kynna þegar hann kallar Þór sveinstaula. Loki og Þjálfu keppa í kappáti og hlaupum og Þór reynir sig við drykkju og kraftlyftingar á ketti en ræður við hvorugt.

Eftir að hafa mistekist að lyfta ketti Útgarðaloka, sem reynist síðar vera Miðgarðsormur sjónhverfður, bregst Þór illa við ósigri sínum og háðsyrðum viðstaddra og segir: „Svá lítinn sem þér kallið mik, þá gangi nú til einhver ok fáisk við mik! Nu em ek reiðr!“ Í kjölfarið glímir hann við gamla fóstru Útgarðaloka, Elli, og hlýtur lægri hlut í stað þess að átta sig á því að eitthvað gruggugt væri á seyði (Gg. 46). Eins og fjöturinn Gleipnir og mistilteinninn virðist gömul kona vera hættulítill og í raun móðgandi andstæðingur.

Það sem venjulega telst til styrks Þórs, kraftar hans, sjálfstraust og reiði sem beinist gegn andstæðingum hans, verður hjákátlegt í þessari frásögn. Í blekkingaheimi Útgarðaloka er Þór kraftlítill en fullur af hroka og áttar sig ekki á því að brögð hljóti að vera í tafli heldur kemur trú hans á eigið ágæti honum í stöðugt meiri vandræði. Það að blekkja aðra eða gera þeim sjónhverfingar virðist ekki vera ámælisvert innan *Gylfaginningar* en aftur á móti er það minnkun fyrir þann sem fellur fyrir slíku. Útgarðaloka hefnist ekki fyrir að blekkja Þór frekar en ásunum sem gera Gylfa sjónhverfingar þegar hann kemur til Ásgarðs í upphafi *Gylfaginningar* (2). Þór og Gylfi eru þeir sem verða minni fyrir trúgirnri sína.

Þór reynir svo að veiða og drepa Miðgarðsorm til að hefna fyrir ófárir sínar hjá Útgarðaloka. Hann rær með Hymi og notar uxahöfuð sem beitu og er sagt að hann ginni orminn ekki minna með því en Útgarðaloki hafi spottað Þór þegar hann reyndi að lyfta kettinum. Þegar ormurinn hefur bitið á öngulinn virðist reiðin gefa Þór aukinn kraft:

Þá varð Þórr reiður ok færðisk í ásmegin, spyrndi við svá fast at hann hljóp báðum fótum gognum skipit ok spyrndi við grunni, dró þá orminn upp at borði. En þat má segja at engi hefir sá sét ógur-ligar sjónir er eigi mátti þat sjá er Þórr hvesti augun á orminn, en ormrinn starði neðan í mót ok blés eitrunu.

Hymir hræðist og sker á færið í þann mund sem Þór kastar hamrinum og fer tvennum sögum af því hvort hann drepur orminn eður ei (*Gg.* 48). Miðgarðsormur er eitt afkvæma Loka og Angurboðu og Alföður kastar honum í hinn djúpa sæ og þar vex hann þar til hann nær umhverfis öll lönd (*Gg.* 34). Faðir hans og bróðir voru bandamenn ása þar til þeir voru fjötraðir, en ekki kemur fram hver afstaða ormsins til guðanna er áður en Þór reynir að veiða hann, hvort hann hafi alltaf verið óvinveittur þeim eða hvort reiði og hefni-girni Þórs hafi snúið honum gegn þeim. Auk þess stefnir reiði Þórs jafnvægi heimsins í voða, en Miðgarðsormur liggur í hafinu umhverfis jörðina og er oft talinn vera það sem heldur henni saman.⁴⁸

Lokaorð

Á ritunartíma *Gylfaginningar* var litið svo á að hægt væri að lesa texta á ólíka vegu, ýmist bókstaflega eða sem táknsögur. Á þann hátt gátu sögur sem á yfirborðinu fjölluðu um heiðna guði falið í sér kristilegan siðaboðskap þegar kafað var ofan í textann. Hér hefur verið fjallað um frásagnarkafli *Gylfaginningar* og hvernig hægt er að túlka þá sem táknsögur um ámælisverða hegðun. Dramb og aðrar syndir hafa áhrif á afdrif guða og goðvera, bæði innan frásagnarkafllanna og á gengi þeirra í lokabardaga ragnaraka. Freyr og Týr tapa hluta af bardagafærni sinni, Baldur er ekki lengur í liði guðanna og berst hugsanlega gegn þeim, Miðgarðsormur er orðinn óvinur Þórs og Loki og Fenrisúlfulur munu biða ragnaraka fjötraðir og verða eftir það ekki lengur taldir með ásum heldur til óvina þeirra.

Mælikvarðinn sem notaður hefur verið á siðferði guðanna í *Gylfaginningu* eru syndirnar, en þær eru dæmi um athæfi sem sundra hinum samfélagslega sáttmála. Ef einhver brýtur gegn leikreglum samfélagsins hefur það neikvæð áhrif á alla í kringum viðkomandi. Því má túlka frásagnarkafllana af guðunum

⁴⁸ Í *Skáldskaparmálum* 4 er til að mynda vitnað til kvæðis eftir Ölvi hnúfu þar sem hann kennir Þór og Miðgarðsorm sem umgjörð og son Jarðar: „Æstisk allra landa / umgjörð ok sonr Jarðar“.

í *Gylfaginningu* sem dæmisögur fyrir kristið fólk á 13. öld um það hvernig syndsamleg hegðun getur skaðað samfélag þeirra, líkt og guðanna, og að lokum orðið til þess að heimur þeirra líði undir lok.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er skoðað hvernig dauðasyndirnar birtast í frásagnarköflum *Gylfaginningar*, en allt fram á 16. öld voru syndirnar mikilvægur mælikvarði á kristinn siðaboðskap. Til grundvallar er lögð sagan af því hvernig Freyr fær Gerðar, en þar er hann sagður sýna af sér mikillæti og að sú yfirsjón muni leiða til dauða hans í ragnarökum. Aðrar goðsögur verksins eru lesnar og túlkaðar út frá örlögum Freys og áhersla lögð á þær afleiðingar sem syndsamleg hegðun hefur fyrir guði og aðrar goðfræðilegar verur, sér í lagi þegar kemur að ragnarökum. Þessi túlkun verður sett í samhengi við lærða hefð á miðöldum, en þá voru klassískar bókmenntir og goðafræði hluti af námsefni í evrópskum skólum. Goðsögur um heiðna guði voru oft túlkaðar eða endurskrifaðar sem táknsögur um kristið siðferði. Þegar *Gylfaginning* var samin á 13. öld var kristni alls ráðandi á Íslandi og ekki lengur hættu á að menn tækju aftur upp trú á heiðna guði. Því er ekki ósennilegt að goðsögur skráðar á þeim tíma hafi innihaldið kristileg og siðferðileg skilaboð.

Lýkilorð: Norræn goðafræði – túlkun goðsagna – siðferði – syndir – miðaldir

ABSTRACT

Pride in *Gylfaginning*

Until the 16th century, mortal sins were considered the moral compass of Christians. This article focuses on how these sins appear in the mythological narratives of *Gylfaginning*. In the European Middle Ages, classical literature and mythology were part of the curriculum. Myths about pagan gods were often interpreted or rewritten as allegories that incorporated messages about Christian morality. *Gylfaginning* was composed in Iceland in the 13th century when Christianity was all-encompassing and the idea of Doomsday was prominent. At that time, the pagan gods had lost their religious significance, and therefore the myths in *Gylfaginning* may have been a part of a learnt tradition and included moral messages for a more contemporary audience. The story of how Freyr's pride (*mikillæti*) leads to his demise

in *Ragnarök* will be used as a basis for an interpretation of the rest of the myths in *Gylfaginning*, with an emphasis on the consequences the gods and other mythological beings must face for their sins, particularly during *Ragnarök*.

Key words: Old Norse mythology – mythography – sins – morality – the Middle Ages

KOLFINNA JÓNATANSDÓTTIR

Aðjúnkt í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands

Doktorsnemi í bókmenntum fyrri alda

kolfinna@hi.is

